

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 9

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

31. árgangur

20.2.2025

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2025/EES/9/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2025/EES/9/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	3
2025/EES/9/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	4
2025/EES/9/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	6
2025/EES/9/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	8
2025/EES/9/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	9
2025/EES/9/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	11
2025/EES/9/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	14
2025/EES/9/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	17
2025/EES/9/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	18

2025/EES/9/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	19
2025/EES/9/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	20
2025/EES/9/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	21
2025/EES/9/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	22
2025/EES/9/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	24
2025/EES/9/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	25
2025/EES/9/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	27
2025/EES/9/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn	29
2025/EES/9/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	31
2025/EES/9/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	33
2025/EES/9/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	34
2025/EES/9/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	35
2025/EES/9/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín	36

II EFTA-STOFNANIR

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

III ESB-STOFNANIR

- 1. Framkvæmdastjórnin**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 229/2024

2025/EES/9/01

frá 25. október 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1332 frá 17. maí 2024 um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1332:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1332 frá 17. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1332, 21.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1332, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/1332, 21.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2024

2025/EES/9/02

frá 25. október 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/887 frá 22. mars 2024 um breytingu á IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar fôðrun dýra, setningu á markað og innflutning inn í Sambandið ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0887:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/887 frá 22. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/887, 25.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/887, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/887, 25.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2024

2025/EES/9/03

frá 25. október 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð (ESB) 2023/1783 að því er varðar umbreytingarákvæði um gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 varðandi tiltekin virk efni ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 219. undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1783) við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1595:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við 216. undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1783) við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1595:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1595, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 232/2024

2025/EES/9/04

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/885 frá 20. mars 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2782 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum að því er varðar aðferð við sýnatöku úr þurrkuðum kryddjurtum, jurtatei (þurrkuð vara), tei (þurrkuð vara) og kryddi í duftformi ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 54zzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2782) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 0885:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/885 frá 20. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/885, 21.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/885, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/885, 21.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 233/2024

2025/EES/9/05

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1081 frá 8. maí 2024 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1081:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1081 frá 8. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1081, 13.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1081, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/1081, 13.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1081/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2024

2025/EES/9/06

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1616 frá 15. september 2022 um efniviði og hluti úr endurunnu plasti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 282/2008 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2022/1616 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 56. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32022 R 1616:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1616 frá 15. september 2022 um efniviði og hluti úr endurunnu plasti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 282/2008 (Stjtið. ESB L 243, 20.9.2022, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði d-liðar 4. mgr. bókunar 1 við samninginn skulu ekki gilda um 16., 19. gr. og 3. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/1616, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 243, 20.9.2022, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 86, 28.3.2008, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 235/2024

2025/EES/9/07

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1026 frá 8. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu óleóresínunum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1027 frá 8. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu galaktófáskyru ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1037 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað mónónatríumsalt af L-5-metýltetra-hýdrófólínsýru sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1046 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað betaglúkan úr smápörungunum *Euglena gracilis* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1047 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað 3'-síalýllaktósanatríumsalt, sem er framleitt með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1048 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað prótínþykknir úr *Lemna gibba* og *Lemna minor* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052 frá 10. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað kalsídíólmónóhýdrat sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁷⁾.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1026, 9.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1026/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1027, 9.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1027/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1037, 10.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1037/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1046, 10.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1046/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1047, 10.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1047/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1048, 10.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1048/oj

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1052, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1052/oj

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

- „– **32024 R 1026:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1026 frá 8. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1026, 9.4.2024),
- **32024 R 1027:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1027 frá 8. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1027, 9.4.2024),
- **32024 R 1037:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1037 frá 9. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1037, 10.4.2024),
- **32024 R 1046:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1046 frá 9. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1046, 10.4.2024),
- **32024 R 1047:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1047 frá 9. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1047, 10.4.2024),
- **32024 R 1048:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1048 frá 9. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1048, 10.4.2024),
- **32024 R 1052:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1052, 11.4.2024).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 245. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2851):

- „246. **32024 R 1037:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1037 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað mónónatriúmsalt af L-5-metýltetrahydrafóllínsýru sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/1037, 10.4.2024).
247. **32024 R 1046:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1046 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað betaglúkan úr smápörununum *Euglena gracilis* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/1046, 10.4.2024).
248. **32024 R 1047:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1047 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað 3'-sialýllaktósanatriúmsalt, sem er framleitt með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/1047, 10.4.2024).
249. **32024 R 1048:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1048 frá 9. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað prótínþykkni úr *Lemna gibba* og *Lemna minor* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/1048, 10.4.2024).
250. **32024 R 1052:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052 frá 10. apríl 2024 um leyfi til að setja á markað kalsídíólmónóhýdrat sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/1052, 11.4.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/1026, (ESB) 2024/1027, (ESB) 2024/1037, (ESB) 2024/1046, (ESB) 2024/1047, (ESB) 2024/1048 og (ESB) 2024/1052, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 236/2024

2025/EES/9/08

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2041 frá 29. júlí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 að því er varðar heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín K úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2044 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu og skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu lífmassa úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2046 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar sértækar kröfur um merkingar á nýfæðinu að hluta til vatnsrofnu prótíni úr dreggjum úr byggi (*Hordeum vulgare*) og hrísgrjónum (*Oryza sativa*) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2048 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu og skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu prótínútdrætti úr svínsnýrum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað blöndu af laktó-*N*-fúkópentaósa I og 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleidd með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* K-12 DH1, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2041, 30.7.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2041/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2036/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2044, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2044/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2046, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2046/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2048, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2048/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2090/oj

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32024 R 2041:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2041 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2041, 30.7.2024).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32024 R 2036:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024),

– **32024 R 2044:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2044 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2044, 30.7.2024),

– **32024 R 2046:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2046 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2046, 30.7.2024),

– **32024 R 2048:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2048 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2048, 30.7.2024),

– **32024 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024).“

3. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 250. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052):

„251. **32024 R 2036:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024).

252. **32024 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað blöndu af laktó-*N*-fúkópentaósa I og 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleidd með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* K-12 DH1, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/2041 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2036, (ESB) 2024/2044, (ESB) 2024/2046, (ESB) 2024/2048 og (ESB) 2024/2090, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 237/2024

2025/EES/9/09

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/858 frá 14. mars 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á nanóefnunum stýren-/akrýlatsamfjölliðu, natríumstýren-/akrýlatsamfjölliðu, kopar, kopar sem myndar sviflausn, hýdroxýapatíti, gulli, gulli sem myndar sviflausn, gullþíóetýlaminóhýalúrónsýru, asetýlheptapeptíð-9-gulli sem myndar sviflausn, platínu, platínu sem myndar sviflausn, asetýltetrapeptíð-17-platínu sem myndar sviflausn og silfri sem myndar sviflausn í snyrtivörur, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0858:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/858 frá 14. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/858, 15.3.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024.“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/858, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/858, 15.3.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/858/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 238/2024

2025/EES/9/10

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/242 frá 27. september 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 20. febrúar 2023 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 L 0242:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/242 frá 27. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/242, 17.1.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2024/242, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

